

Fimmtudaginn 20. janúar 1994.

Nr. 446/1993.

Jón Baldur Baldursson

gegn

Erni Valdimarssyni

Þingfesting. Útgáfa stefnu. Frávísun frá Hæstarétti hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 2. október 1992. Máli þessu var upphaflega skotið til Hæstaréttar með stefnu 19. nóvember 1992. Útivist varð af hálfu áfrýjanda við fyrirtöku málsins 1. nóvember 1993 og féll það niður. Áfrýjandi skaut máli þessu að nýju til Hæstaréttar með stefnu 4. sama mánaðar til þingfestingar 1. desember s. á. samkvæmt heimild í 4. mgr. 153. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Að beiðni áfrýjanda var þingfestingardegi málsins breytt 30. nóvember sl. og hann færður til 7. janúar 1994, þar sem ekki hafði tekist að birta áfrýjunarstefnuna fyrir stefnda þrátt fyrir tilraunir í þá átt.

Er mál þetta skyldi þingfesta 7. janúar sl., kom fram krafa frá stefnda um, að synjað yrði um þingfestingu málsins og því vísað frá Hæstarétti. Þá krafðist hann málskostnaðar.

Mótmæli sín styður stefndi þeim rökum, að breyting á þingfestingardegi jafngildi útgáfu nýrrar áfrýjunarstefnu. Heimild 4. mgr. 153. gr. laga nr. 91/1991 til að skjóta málinu að nýju til Hæstaréttar hafi því verið notuð oftari en einu sinni.

Af hálfu áfrýjanda er þess krafist, að kröfu stefnda um frávísun málsins verði hrundið. Þá krefst hann málskostnaðar.

Eigi verður fallist á þann skilning stefnda, að breyting á þingfestingardegi jafngildi útgáfu nýrrar áfrýjunarstefnu. Ber því að þingfesta málið og fresta því óákveðið til munnlegs flutnings, þar sem dómsgerðir, ágríp og greinargerðir liggja fyrir.

Málskostnaður verður eigi dæmdur í þessum þætti málsins.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er þingfest og því frestað óákveðið til munnlegs flutnings.
